



Auglýst eftir flokksstjórum - 20 ára og eldri

Svalbardsstrandarhreppur auglýsir eftir flokksstjórum við vinnuskóla sveitarfélagsins sumarið 2019. Um er að ræða fullt starf í frá 1. júní – 1. sept. Laun eru skv. samningum Launanefndar sveitarfélaga og Einingar-löðu.

Flokksstjóri skipuleggur og stjórnar daglegri starfsemi vinnuskólans í samráði við umsjónarmann fasteigna. Hann hefur eftirlit með tækjum og áhöldum og ber ábyrgð á að eðlilegt viðhald fari fram. Umsækjandi þarf að vera fæddur árið 1998 eða fyrr og vera með bílpróf. Reynsla af starfi með ungmennum er æskileg.

Umsóknarfrestur er til og með 4. mars n.k. Umsóknum skal skilað til skrifstofu Svalbardsstrandarhrepps í Ráðhúsinu eða í tölvupósti á netfangið postur@svalbardsstrond.is

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu hreppsins eða í síma 464-5500.




Svalbardsstrandarhreppur Ráðhús 601 Akureyri sími: 464 5500

NÆSTU RUSLADAGAR

- 21. febrúar - Gráa / brúna tunnan
- 28. febrúar - Græna tunnan
- 7. mars - Gráa / brúna tunnan

TJARNARTÚN - BREYTT SKIPULAG

Breytingar hafa verið gerðar á skipulagi við Tjarnartún eins og sjá má á meðfylgjandi mynd. Á Tjarnartúni 12 hefur verið við lóð og á Tjarnartúni 4 og 6 er gert er ráð fyrir bílskúrum. Lóðirnar á Tjarnartúni 8, 10 og 12 eru lausar til umsóknar ásamt Tjarnartúni 2. Allar upplýsingar er skipulag er að finna á heimasíðu Svalbarðasstrandarhrepps, svalbardsstrond.is.



FRÉTTIR FRÁ VALSÁRSKÓLA

Komið sæl og blessuð kærur vinir.

Við í 1. og 2. bekk á Tjörnum erum að fjalla um vináttuna og hvernig við getum verið góðir/bettri vinir. Við erum að lesa og vinna verkefni um Skrímslin í Hraunlandi í Byrjendalæsi sem fjallar um vináttu og hér eru hugmyndir nemenda um hana.

Góðir vinir leika saman

Vinátta er góð

Vinir hjálpa hver öðrum

Góðir vinir deila með öðrum

Góðir vinir hjálpa öðrum ef þeir eru fastir einhversstaðar

Góðir vinir treysta hver öðrum

Góðir vinir byggja snjóhús

Góðir vinir hjálpast að ef einhver meiðist

Góðir vinir rífast sjaldan

Góðir vinir hjálpa öðrum ef maður er villtur

Það er gaman að leika við vini

Vinir skemma ekki fyrir hvor öðrum

Við sendum ykkur öllum, kærur sveitungar vinarkveðjur hédan úr Valsárskóla

SUNNUDAGASKÓLI Í SVALBARÐSKIRKJU

Sunnudagaskóli í Svalbarðskirkju kl. 11. þann 3. MARS.

Þá höldum við uppá Æskulýðsdaginn og ætlum að hafa Búningadag, velkomið að mæta í grímubúning!

Biblíusagan á sínum stað, söngvar og leikir.

Myndir að lita og einfalt föndur fyrir þau sem vilja.

Hlökkum til að sjá ykkur, Sr. Sólveig Halla og Gunna.



Næstu samverur Kirkjuskólans (1.-4. bekk kl. 13.15 og 5.-7.b. kl. 14.15) eru miðvikudagana 27. febrúar og 13. mars, í Valsársskóla, nema annað sé auglýst á Svalbó-allskonar.

Ströndungur kemur næst út fimmtudaginn 14. mars.

Skilafrestur á efni er til kl. 15:00 þriðjudaginn 12. mars.